

BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐUR



- BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐUR
- AÐALSTRÆTI 12 • 415 BOLUNGARVÍK
- SÍMI: 450 7000 • FAX: 450 7009
- NETFANG: bolungarvik@bolungarvik.is
- VEFFANG: www.bolungarvik.is

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhváli
150 Reykjavík

Bolungarvík 4. júní 2012.

Á fundi Umhverfismálaráðs Bolungarvíkur 29. maí s.l var samþykkt að senda Iðnaðarráðuneytinu eftirfarandi ábendingu vegna vinnu nefndar við móturn stefnu um rafhlínur í jörð. Erindið hafði áður verið á dagskrá ráðsins 8. maí s.l.

Á fundi ráðsins var eftirfarandi bókun gerð.

Í greinagerð með tillögum er einungis talað um rafhlínur með spennu frá 33 Kv og gamlar kostnaðartölur birtar fyrir 132 Kv línum. Þó nokkuð er enn af 11 Kv línum, sem ættu eftir þessum litlu kostnaðartölum sem birtar eru í greinagerðinni, að vera lagðar í jörð hið fyrsta eða um leið og endurnýjunar er þörf. Nánar þarf að gera grein fyrir kostnaðarsamanburði allra spennuflokkja. Ekki er nægjanlegt að raforkusyrirtækin komi ein að slikri greiningu. Slíka kostnaðargreiningu ásamt spá um verðþróun lagna og lína má síðan nota til þess að skilgreina mörkin á því hvaða spenna skuli skilyrðislaust fara í jörð. Við kostnaðargreiningu ætti einnig að taka með aðhendingaröryggi raforkunnar sérstaklega á þeim svæðum þar sem því hefur verið ábótavant. Þar sem línum eru nálægt þéttbýli og eins þar sem línum eru sérstaklega áberandi ætti sá hluti línumnar að fara í jörð alveg eins og lína er lögð í jörð þar sem veðuraðstæður eða ofanflóðahætta krefjast þess. Lagnaleiðir fyrir jarðstreng þarf að velja sem mest á röskuðu svæði t.d. veghelgunarsvæði sem er í flestum tilfellum raskað svæði sem á að vera bert og hindrunarlaust. Vegurinn nýtist þá sem aðkomuleið ef viðhalds er þörf.

Á fundi bæjarstjórnar Bolungarvíkur 31. maí s.l. var bókun Umhverfismálaráðs staðfest.

BYGGINGARFULLTRÚINN
BOLUNGARVÍK

Gísli Gunnlaugsson